

Ed.

339. L Ö G

um heimild fyrir landsstjórnina, til þess að ábyrgjast fyrir hönd landssjóðs skipaveðlán h/f »Eimskipafjelag Íslands«.

(Afgreidd frá Ed. 3. ágúst).

Landsstjórninni veitist heimild til þess, að ábyrgjast greiðslu á $\frac{1}{4}$ hluta veðláns, að upphæð 600,000 krónur, sem h/f Eimskipafjelag Íslands tekur í erlendum banka, til þess að kosta smíði á tveim millilandaskipum, sem fjelagið hefir nú samið um smíði á. Lánið endurborgist á 12 árum, með jöfnum árlegum afborgunum og sje trygt með 1. veðrjetti í umræddum tveim millilandaskipum.